



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@mvv.is

Nefndasvið Alþingis
Einar Farestveit
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mývatnssveit, 14. apríl 2003

Efni: Umsögn um frv. til laga um verndun Kývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637. mál, heildarlög.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 10. apríl:

1. Umsögn um frv. um breytingu á lögum um verndun Mývatns og Laxár.

Almennt:

Sveitarstjórn fagnar því að uppi eru hugmyndir um breytingar á l. nr. 36/1974 um vernd Mývatns og Laxár.

Sveitarstjórn hefur um nokkurt skeið lýst því að lögin sem nú gilda hafi valdið nokkrum vandkvæðum við stjórnsýslu.

Frumvarp það sem hér eru til meðferðar mun hafa verulegar breytingar í för með sér hvað stjórnsýsluna varðar. Frumvarpsdrögin munu að mati sveitarstjórnar í engu breyta um að náttúruvernd verður í hávegum höfð hér eftir sem hingað til.

Ljóst má vera að framkvæmd lagaákvæða þeirra sem sett eru fram í frv. kalla á fjárveitingar. Verndaráætlanir og friðlýsing munu hafa kostnað í för með sér. Athygli ráðuneytisins og þingsins er vakin á þessu þar sem á stundum virðist sem lagasetningarvaldið gleymi við gerð fjárlaga þeim fjárskuldbindingum sem samþykktar hafa verið áður í lögum.

Einstakar greinar:

í 3.gr. 1.mgr. segir:

Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir búskap á lögbýlum, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar.....

Sveitarstjórn telur óeðlilegt að búskap sé gert hærra undir höfði en öðrum atvinnugreinum og jafnframt óljóst á stundum hvað telja megi til búskapar. Því telur sveitarstjórn rétt að gera þær breytingar að orðin “*búskap á lögbýlum*” falli út og í þeirra stað komi “*atvinnulíf á svæðinu.*”

Málgreinin mundi þá hljóða á eftirfarandi hátt:

“*Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyri **atvinnulíf á svæðinu**, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar.....*”

2. mgr. 3. greinar hljóðar svo:

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að bæta eigi eftirfarandi setningu við málgreinina: “***Enn fremur skuli heimilar framkvæmdir sem hlotið hafa jákvæða niðurstöðu við gerð umhverfismats.***”

Málgreinin í heild muni þá hljóða svo:

“*Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. **Enn fremur skuli heimilar framkvæmdir sem hlotið hafa jákvæða niðurstöðu við gerð umhverfismats.***”

Í 3.gr. 3. mgr. segir

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal tak markanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.

Sveitarstjórn leggur til að niðurlag málgreinarinnar “***þar á meðal tak markanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.***” falli niður og hljóði þá svo:

“*Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár.*”

Í niðurlagi 4.gr. segir:

“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja sem kunna að valda mengun á vatnasviðinu.”

Sveitarstjórn telur rétt að fella út eftirfarandi hluta setningarinnar “**atvinnufyrirtækja sem kunna að valda mengun.**” og hljóði hún þá á eftirfarandi hátt:

“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna á vatnasviðinu.”

Skýringar: Greinin er markvissari með þessum hætti að mati sveitarstjórnar.

Hvað varðar fylgiskjöl 1 og 2 telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps að nokkurrar ónákvæmni kunni að gæta við gerð þeirra. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að nákvæm kort fylgi verði frv. að lögum og kortin verði gerð í samráði við heimamenn.

Framangreint samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda Nefndasviði Alþingis umsögnina.

Bestu kveðjur,



Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstj.